



## **Þriggja ára áætlun Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir árin 2015 til 2017 lögð fram á bæjarstjórnarfundum 13. febrúar 2014 – síðari umræða**

Þriggja ára áætlun fyrir árin 2015 – 2017 byggir á niðurstöðu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2014 sem samþykkt var í bæjarstjórn 19. desember sl. og nýrri útkomuspá fyrir árið 2013.

Að mati Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga er æskilegt að þriggja ára áætlun taki tillit til áætlaðra breytinga verðlags á áætlunartímabilinu. Þessi áætlun er því sett fram á breytilegu verðlagi en ekki föstu verðlagi eins og tíðkast hefur í þriggja ára áætlunum sveitarfélagsins undanfarin ár sem byggði á reglum ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningskil sveitarfélaga frá árinu 2004.

Í þriggja ára áætlun er gert ráð fyrir verðlagsbreytingum hvert ár við útreikning á fjármagnskostnaði. Miðað er við að verðbólgan fylgi spá Seðlabanka Íslands í nóvember 2013 og verði að meðaltali 2,8% árið 2015, 2,6% árið 2016 og að verðbólgu markmiðum Seðlabanka Íslands um 2,5% verðbólgu verði náð árið 2017.

### **Tekjur**

Reiknað er með að bæði útsvar og framlög Jöfnunarsjóðs hækki um 3,8% árið 2015, 3,6% árið 2016 og 3,5% árið 2017 eða um 1% að raunvirði hvert ár. Forsenda þess er að íbúafjölgun sem verið hefur 4,5% á ári sl. 2 ár verði 1% á ári þau þrjú ár sem áætlunin spannar. Þá er reiknað með hagvexti sem geri kleyft að hækka laun almennt um 1% á ári umfram verðlag. Áætlunin gerir ráð fyrir að tekjur af fasteignasköttum hækki um 2% árið 2015, 2% 2016 og 1% árið 2017. Þannig er gert ráð fyrir að mjög hægi á hækkingun sem orðið hefur á fasteignaverði á undanförunum árum. Fasteignamatíð byggir á upplýsingum úr þinglýstum kaupsamningum. Þá er reiknað með að aðrar tekjur muni aukast um 2% á ári þau 3 ár sem áætlunin spannar eða heldur minna en verðbólguþáin gerir ráð fyrir.

Áætlunin gerir ráð fyrir 20,8 mkr nettótekjum frá ríkinu árið 2015, 21,4 mkr árið 2016 og 22,0 mkr árið 2017 vegna leigu á húsnæði fyrir hjúkrunarheimili, en auk þess verði 90 mkr tekjur á ári vegna reksturs hjúkrunarheimilis.

Gert er ráð fyrir að sú lækkun leigutekna sem gert var ráð fyrir á árinu 2014 gangi að hluta til baka á árinu 2015 þar sem ákveðið hefur verið að kaupa 3 nýjar íbúðir fyrir aldraða í stað þeirra 7 sem breytt verður í hjúkrunarheimili. Reiknað er með að leigutekjur frá árinu 2014 hækki um 5% 2015 og 5% 2016.

### **Gjöld**

Áætlunin gerir ráð fyrir að laun hækki um 3,5% árið 2015, 3% árið 2016 og 2,5% árið 2017. Þá er reiknað með að annar rekstrarkostnaður aukist um 2,8% á ári eða örlítið umfram verðlagsbreytingar.

Gert er ráð fyrir að fasteignagjöld, viðhald og annar rekstrarkostnaður vegna húsnæðis hjúkrunarheimilis verði 6,5 til 6,9mkr á ári. Þá er gert ráð fyrir að rekstur hjúkrunarheimilis að öðru leyti kosti 90 mkr á ári þannig að rekstrarkostnaðurinn verði jafnhár rekstrartekjunum og hafi því í raun ekki áhrif á rekstur sveitarfélagsins.

### **Fjárfestingar**

Í áætluninni er gert ráð fyrir að svigrúm til fjárfestinga verði 100 mkr 2015, 125 mkr 2016 og 140 mkr árið 2017.



---

Áætlunin rúmar því þær helstu fjárfestingar sem eru í deiglunni. Þannig er gert ráð fyrir alls 200 mkr fjárfsetingu í leikskóla, 75 mkr 2015, 75 mkr 2016 og 50 mkr 2017. Þá er gert ráð fyrir fjármunum í að ljúka endurbótum á Brimbrjótnum, 40 mkr árið 2016 og 50 mkr árið 2017. Ennfremur er gert ráð fyrir að í malbikun og nýjar gangstéttar fari 15 mkr árið 2015, 10 mkr árið 2016 og 40 mkr árið 2017.

Áætlunin gerir ráð fyrir að veltufé samstæðu A- og B-hluta frá rekstri verði á bilinu 148 til 161 mkr á ári. Þá er gert ráð fyrir að skuldir og skuldbindingar samstæðu A- og B-hluta verði 1.381 mkr í árslok 2017 og eru þá skuldir vegna hjúkrunarheimilis meðtaldar. Heildartekjur samstæðunnar eru áætlaðar 1.003 mkr, 1.036 mkr og 1.067 mkr fyrir árin 2015 til 2017.

Ekki hafa verið gerðar neinar breytingar á áætluninni frá fyrri umræðu í bæjarstjórn sem fór fram þann 23. janúar sl.

Þriggja ára áætlun Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir árin 2015, 2016 og 2017 er hér lögð fram til síðari umræðu í bæjarstjórn.

**Elías Jónatansson**  
bæjarstjóri